

HEP

Hrossaræktarsamtök  
Eyfirðinga og Þingeyinga  
Óseyri 2 603 Akureyri

Sími 460-4477  
Fax 460-4478

www.hryssa.is



## Stóðhestar á vegum félagsmanna

Á heimasíðu HEP, [www.hryssa.is](http://www.hryssa.is) eru upplýsingar um fjölda hesta í eigu einstaklinga á svæðinu sem og leiguhesta. Öllum félagsmönnum er velkommið að kynna hesta sína eða leiguhesta á heimasíðunni. Á það við sýnda jafnt sem ósýnda hesta. Endilega sendið upplýsingar á netfangið [vignir@bugardur.is](mailto:vignir@bugardur.is).

## Ætlar þú að sýna stóðhest í sumar? Þetta þarftu að muna

### Blóðsýni

Úr öllum stóðhestum **fimm vetra** eða eldri þarf að hafa verið tekið blóðsýni.

### DNA sýni

Allir stóðhestar sem koma til kynbótadóms skulu vera DNA-greindir svo og foreldrar þeirra.

### Myndataka vegna spatts

Röntgenmynda skal alla stóðhesta sem náð hafa **fimm vetra aldri**. Hestur hlýtur ekki dóm nema myndataka hafi farið fram og niðurstöður liggi fyrir í WorldFeng.

### Eistnamæling

Mæla skal eistu stóðhesta. Því er mikilvægt að búið sé að venja þá við að eistu þeirra séu þukluð.

### DNA sýnataka—hrossa

Ég stefni á að vera við DNA sýnatöku hrossa í vikunni 26.-29 apríl. Þeir sem vilja láta taka sýni hafi samband sem fyrst við mig í síma 460-4477, gsm 896-1838 eða á netfangið [vignir@bugardur.is](mailto:vignir@bugardur.is).

Verðskrá er nú eftirfarandi:

Greining á sýni 5.200.-  
Komugjald 2.100.-  
Tímagjald 5.500.- (35% afsl til félaga í BSNP, BSE og BSSP).

Ekki er innheimt fyrir akstur.

Vignir Sig.

**Dýralæknar bjóða einnig upp á DNA sýnatöku.**



## Fréttabréf HEP

HEP

www.hryssa.is

Apríl 2011

### Þorsteinn á Grund er nýr maður í stjórn HEP.

Aðalfundur HEP var haldinn í Hlíðarbæ 16. mars sl. Þorsteinn Egilson á Grund var kjörinn í stjórn í stað Höskuldar Jónssonar sem ekki gaf kost á sér. Zophonías Jónmundsson var jafnframt endurkjörinn í stjórn. Samþykkt var tillaga stjórnar um staðsetningu kynbótasýninga til næstu þriggja ára. Ársskýrslu og reikninga og fundargerð má nálgast á heimasíðu HEP.



Er ekki vor í lofti ?

### Kynbótasýningar á Norðurlandi í vor/sumar

28.4 - 29.4	Sauðárkrókur
16.5 - 20.5	Dalvík
23.5 - 27.5	Blönduós
30.5 - 3.6	Sauðárkrókur
6.6 - 10.6	Akureyri

### Fákar og fjör !

stórsýning norðlenskra hesta og hestamanna verður haldin í reiðhöllinni á Akureyri 16. apríl. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Sýningin hefst kl. 18:00.

### Einkunnalágmörk fyrir Landsmót 2011

Stóðhestar	4 vetra	8,00
Stóðhestar	5 vetra	8,15
Stóðhestar	6 vetra	8,25
Stóðhestar	7 v. og eldri	8,30
Hryssur	4 vetra	7,90
Hryssur	5 vetra	8,05
Hryssur	6 vetra	8,15
Hryssur	7 v. og eldri	8,20

### Síðsumarsýningar á Norðurlandi

Áætlaðar eru þrjár síðsumarsýningar á Norðurlandi í ágúst. Á Blönduósi, í Skagafirði og á **Melgerðis-melum í Eyjafirði**. Verður það auglýst þegar nær dregur.

## Stóðhestar í boði HEP og aðildarfélaga:



**Gígjar frá Auðsholtshjáleigu**  
IS2000187051  
Kynbótadómur: 8,46 Blup: 120  
Verður seinna tímabil á Bergsstöðum í Aðaldal S-Þing.  
Verð: 125.000.- með öllu.  
Pantanir berist á netfangið vignir@bugardur.is eða í síma 460-4477. Félagsmenn HEP sitja fyrir tollum til 15. apríl. Verði pantanir fleiri en plássin verður dregið um það hverjir komast að.



**Stormur frá Leirulæk**  
IS2001136756  
Kynbótadómur: 8,20 Blup: 116  
Verður að Syðra-Fjall Aðaldal eftir Landsmót  
Verð: 100.000.- með öllu.  
Pantanir: Hjá Einari Víði í síma 869-3249 eða á netfangið einarve@simnet.is  
Félagsmenn í Hrossaræktarfélagi Suður-Þingeyinga sitja fyrir plássum til 15. apríl.



**Abraham frá Lundum**  
IS2008136409 Blup: 117  
Ósýndur, F: Vilmundur frá Feti  
M: Auðna frá Höfða.  
Staður og tímabil: Verður í hólfi við Guðrúnarstaði, Eyjafjarðarsveit.  
Upplýsingar um Abraham veitir Ágúst Ásgrímsson í Kálfagerði, s. 4631294 og nf. dvergar@simnet.is

## Stóðhestar í boði HEP og aðildarfélaga:



**Gandálfur frá Selfossi** IS2004187660  
Kynbótadómur: 8,39 Blup: 125  
Verður eftir Landsmót Þverá í Svarfaðardal.  
Verð: 113 þús m. öllu.  
Pantanir berist á netfangið zophonias@centrum.is eða í síma 892-6905. Taka þarf fram hvort menn vilja fyrra eða seinna gangmál. Gandálfur kemur eftir landsmót ca. 4.-5 júlí. Seinna gangmál hefst ca 8-10 ágúst. Þá verður sónað og bætt inn í hólfið.



**Kompás frá Skagaströnd**  
IS2006156956  
Kynbótamat: 117  
Ósýndur, F: Hágangur frá Narfastöðum  
M: Sunna frá Akranesi  
Verður á Kommu í Eyjafjarðarsveit eftir Landsmót.  
Verð: kr. 100.000.- með öllu  
Nánari upplýsingar veitir Vilberg í síma 893-2842



**Klettur frá Hvammi** IS1998187045  
Kynbótadómur: 8,49 Blup: 118  
Verður seinna tímabil að Ytri-Bægisá I í Hörgársveit.  
Verð: 157.000.- innifalið ein sónarskoðun og hólfgjald.  
Pantanir. Anna Guðrún á netfangið fornhabi@fornhabi.is eða í síma 893-9579. Framfarafélagar hafa forgang til 15. apríl.